

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi tillögu:

1. Að skoða önnur útvistarsvæði þar sem má hafa lausa hunda því það hentar ekki öllum hundum að vera í gerði
2. Að hundagerði í Reykjavík verði almennt stækkuð, flest eru einfaldlega of lítil.
3. Að sett verði í forgang að stækka hundagerði í Grafarvogi
4. Að girðingum verði breytt þannig að smáhundar sleppi ekki út. Til dæmis þarf að minna bil undir hliðum
5. Að bætt verði lýsing í hundagerðum fyrir næsta vetur en það vantar ljós hjá þeim flestum. Sérstaklega þarf að bæta lýsingu í Laugardalsgerðinu.
6. Að gera þannig hundagerði úr garði að þau verði ekki eitt drullusvað, bekkir hálfsocknir í drullu svo bæði menn og hundar verða skítug þegar blautt er í veðri
7. Að hætta að nota trjákurlyf yfir moldina eins og sjá má víða í hundagerðum því litlir hundar éta það og getur það gert þeim mikinn skaða
8. Að slétta svæðið meira í gerðinu í Grafarvogi. Grindverki hefur verið skellt upp í kringum þúfur. Sjálfsagt er að hafa einhverjar þúfur en þarna má standa betur að verki.

Greinargerð

Fulltrúi Flokks fólksins hefur lagt fram nokkrar tillögur sem lúta að endurbótum og lagfæringum á hundagerðum auk þess að gerð verði ný og stærri sem og að fleiri svæði verði skilgreind fyrir lausagöngu hunda. Í þessum málum þarf að gera áttak. Illa er haldið utan um mörg hundagerði í Reykjavík, það vantar sem dæmi lýsingu m.a. á Geirsnesi. Það vantar einnig sorptunnur og flest gerðin eru of lítil (vísað í tillögurnar sjálfar). Reykjavík er sennilega minnst hundavæn af þeim borgum sem við berum okkur saman við. Víða í borgum eru hundar velkomnir en öðru máli gegnir í Reykjavík þótt vissulega hafi möguleikar aukist hér. Enn vantar mikið upp á t.d. að leyfilegt sé að taka þá með í almenningssamgöngur, innanlandsflug og á hótél. Einnig mætti skoða að hvetja fleiri eigendur veitingahúsa að opna dyr sínar fyrir hunda.